



Minnisblað

Dags.: 2025-11-06

Frá: Ragnar Guðmundsson, Steinar Sigurjónsson
Dreifing: Sveitarstjóri

Efni: Gjaldskrá fyrir Seyruhreinsun 2026

Árið 2025 var losunartíðni á rotþrómi í Grímsnes- og Grafningshrepp breytt. Breytingin fólst í því að rotþrær á frístundahúsum eru nú hreinsaðar á 5 ára fresti, var áður á þriggja ára fresti, en á íbúðarhúsum á þriggja ára fresti. Uppfærð gjaldskrá þarf að endurspegla mismunandi greiðslur vegna hreinsunar og standa undir áætluðum kostnaði við seyrureinsun.

Árið 2025 voru 2774 frístundahús og 110 íbúðarhús sem greiddu rotþróargjald.

Skv. tölulegum upplýsingum frá UTU sem annast seyrureinsun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp þá er áætlaður kostnaður sveitarfélagsins við seyrureinsun árið 2025 og 2026 eftirfarandi:

Tafla 1: Kostnaður G&G vegna seyrureinsunar árið 2025 og 2026, fjöldi hreinsaðra þróa og kostnaður á þró.

Ár	Kostnaður án vsk.	Fjöldi hreinsaðra þróa	Kostnaður á þró án vsk.	Hækkun
2025	16.128.572 kr	391	41.250 kr	
2026	33.494.822 kr	777	43.108 kr	4,5%

M.v. þetta er áætlaður meðalkostnaður á losun á þró árið 2026 43.108 kr. Gjaldskrá UTU hljómar upp á 44.013 kr/rotþró ásamt 550 kr/km akstursgjaldi og 41 kr/kg gjald fyrir hvert kíló af seyr. Ljóst er að hér fer ekki alveg saman hljóð og mynd í gjaldskrá UTU og áætlun þar sem áætlun er lægri en gjaldskrá. Öll verð hér eru án virðisaukaskatts.

Hægt er að nálgast raunkostnað við seyrureinsun í sveitarfélaginu með því að reikna meðalvegalengd frá Seyrustöðum að öllum fasteignum í sveitarfélaginu m.v. kortagrunn. Þannig er hægt að nálgast akstursvegalengd fyrir hverja ferð sem 90 km. Í hverri ferð eru hreinsaðar að meðaltali um 20 rotþrær þannig að akstursvegalengd fyrir hverja rotþró í Grímsnes- og Grafningshrepp er um 4,5 km (90 km/20 = 4,5 km). Kostnaður við hreinsun á rotþró skv. gjaldskrá UTU sem var í gildi þegar minnisblað þetta er skrifað var 44.013 kr. Þessu til viðbótar þarf að reikna með aksturskostnað upp á 550 kr./km. Að lokum þarf að reikna með kostnaði við móttökugjald á verkaðri seyr sem er 41 kr/kg. Reikna má með að í hverri rotþró séu að meðaltali um 300 kg af seyr. Með þessum forsendum má gera áætlun um heildarkostnað á rotþró, sjá töflu 2.

Forsendur miðast við að ákveðin sé meðalakstursvegalengd og að í hverri rotþró séu 300 kg af seyr. Rotþrær sem eru lítið notaðar ættu að hafa minna magn, eðli málsins samkvæmt, en rotþrær sem eru meira notaðar gætu innihaldið meiri seyr. Niðurstaða greiningar er að heildarkostnaður við losun á hverri rotþró er 58.827 kr. Með því að deila þeim kostnaði á 5 ár vegna frístundahúsa og 3 ár vegna íbúðarhúsa má finna gjald fyrir hvorn gjaldflokk.



Tafla 2: Útreikningur á kostnaði við seyrulósun í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breyta	Gildi	Eining
Hreinsunargjald	44.013 kr	kr/rotpró
Hreinsunargjald á frístundahús á ári	8.803 kr	kr/frístundahús/ár
Hreinsunargjald á íbúðarhús á ári	14.671 kr	kr/íbúðarhús/ár
Aksturgjald	550	kr/km
Fjöldi rotpróa í hverri ferð	20	rotpró
Akstursvegalengd á ferð	90	km
Akstursvegalengd á rotpró	4,5	km/rotpró
Aksturskostnaður á rotpró	2.475 kr	kr/rotpró
Aksturskostnaður á frístundahús á ári	495 kr	kr/frístundahús/ár
Aksturskostnaður á íbúðarhús á ári	825 kr	kr/íbúðarhús/ár
Meðalþyngd seyr í rotpró	300	kg/rotpró
Móttökugjald á seyr	41,13	kr/kg
Móttökugjald á hverja rotpró	12.339 kr	kr/rotpró
Móttökugjald á frístundahús á ári	2.468 kr	kr/frístundahús/ár
Móttökugjald á íbúðarhús á ári	4.113 kr	kr/íbúðarhús/ár
Heildarkostnaður á rotpró	58.827 kr	kr/rotpró
Heildarkostnaður á frístundahús á ári	11.765 kr	kr/rotpró/ári
Heildarkostnaður á íbúðarhús á ári	19.609 kr	kr/rotpró/ári

Niðurstaðan er því sú að til að standa undir kostnaði við losun á seyr þá ætti 3. gr. Gjaldskrá fyrir fráveitu og meðhöndlun seyr í Grímsnes- og Grafningshreppi að breytast svohljóðandi:

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotpróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotpróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og meðhöndlun seyr í Grímsnes- og Grafningshreppi. Kostnaður við seyrhreinun er kr. ~~15.572~~ **19.609** á hvert íbúðarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotpró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi. Gjald fyrir seyrhreinun á hvert frístundahús er kr. ~~14.015~~ **11.765**.

Hlutfallslega breytingu má sjá á töflu 3. Gjald fyrir íbúðarhús hækkar um 25,9% en aftur á móti lækkar gjald á frístundahús um 16,1%

Tafla 3: Hlutfallsleg breyting á gjaldskrá milli 2025 og tillögu að gjaldskrá 2026.

Ár	Rotpróargjald íbúðarhúsa	Rotpróargjald frístundahúsa
2025	15.572 kr	14.015 kr
2026	19.609 kr	11.765 kr
Breyting	25,9%	-16,1%



Innheimt gjöld árið 2026 m.v. fyrrnefndan fjölda frístundahúsa (2.774) og íbúðarhúsa (110) eru sýnd í töflu 4.

Tafla 4: Innheimt gjöld 2026.

Gjald frístundahús	32.637.220 kr
Gjald íbúðarhús	2.156.990 kr
Samtals	34.794.210 kr

Athuga skal að ekki er gert ráð fyrir nýrri fjárfestingu eða afskriftum af fyrri fjárfestingum í þessari gjaldskrá.